



EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Fjarðabyggðar í Þernunesi við Reyðarfjörð

Dagsetning 4. 7. 2011

Fyrirtæki Sorpstöð Fjarðabyggðar

Þernunesi 750 Fáskrúðsfjörður

Heimilisfang Hafnargötu 2

730 Reyðarfjörður

Kennitala 470698-2099

Isat nr. 38.21.0

Starfsemi sorpurðun

Fulltrúi HAUST f.h. UST: Hákon Hansson

Starfsleyfi, gildir til 1. 7. 2018

Tegund eftirlits Reglubundið

Fulltrúar fyrirtækis Guðgeir Einarsson

Staðsetning starfstöðvar (hnit):

Mýrdalur: N 64.59.06 80 V 13.53.39 70

Auratún: N 64.59.17 59 V 13.53.52 41

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.



Urðunarsvæði í Þernunesi yfirlitsmynd

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð 4. júlí 2011.

Skýrslu vegna eftirlits var skilað 27. 9. en þá var notað eldra form við gerð skýrslunnar. Hér kemur skýrsla í samræmi við tilmæli Umhverfisstofnunar um uppsetningu skýrslu.

Öll umgengni og frágangur á urðunarstað er til fyrirmyndar og vandséð að hægt sé að gera mikið betur. Umsjónarmaður svæðisins, Guðgeir Einarsson er sérstakt snyrtimenni, og leggur metnað sinn í að vanda vel til verka. Það hefur tekist mjög vel um árabíl eins og meðfylgjandi myndir sýna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Urðunarsvæðið skoðað í fylgd umsjónarmanns, auk þess var næsta umhverfi skoðað og athugð hvort bæri á foki eð. Myndir voru teknar í eftirlitsferðinni.

Girðingar eru í góðu lagi og engin merki sjást um fok. Hlið er læst nema meðan starfsemi og móttaka fer fram á svæðinu. Ekki arð vart við vargfugl né önnur meindýr á svæðinu á svæðinu.

Allur úrgangur er tæmdur í reinar, að jafnaði er unnið með nokkrar reinar í senn. Í grein 2.4 í starfsleyfi segir m.a.: „Daglega skal þekja allan úrgang sem getur fokið“. Þetta er gert svikalaust og hvergi eru merki um fok.

Tekið er á móti lífrænum úrgangi, einkum botnfalli úr fitugildrum frá fiskimjölsverksmiðjum á svæðinu, sem eru þrjár. Vel er að þessari urðun staðið og notuð sérstök gryfja fyrir þennan úrgang.



Frá urðunarstað í Auratúni



Urðun sorps og tæming

FRÁVIK ¹⁾ OG ATHUGASEMDIR ²⁾

Frávik 1.

Með bréfi dags. 21. 6. 2011 sótti Fjarðabyggð um tímabundna undanþágu frá söfnun á hauggasi. Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands hafa veitt jákvæða umsögn vegna þessa erindis, en svar Umhverfisráðuneytis hefur ekki borist.

Frávik 2.

Í rg. nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar er í 3. grein fjallað um tryggingaskyldu og á þessi grein m.a. við um sorpurðunarstaði. Í ljós hefur komið að Fjarðabyggð hefur ekki keypt slíka tryggingu, en mannvirkjastjóri Fjarðabyggðar hefur upplýst undirritaðan um að unnið sé að því að ganga frá þessari tryggingu og liggi niðurstaða fyrir innan fárra vikna.

Önnur atriði

Núverandi urðunarsvæði í Auratúni fyrir óvirkan úrgang og timbur fyllist á næstu árum. Meta þarf hvort hægt er að stækka svæðið eða til hvaða annarra úrræða þarf að grípa.

16. 1. 2012
Virðingarfyllst,



Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi